



## Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2019 seinni umræða 11. desember 2018

### Inngangur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lögð fram til seinni umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 30 m.kr. en að samstæða A - og B – hluta skili 16 mkr afgangi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 131 m.kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi



BOLUNGARVÍK

Fjárhagsáætlun 2019 - seinni umræða  
Rekstrarýfirlit málaflokka

Málafi.	Deild Heiti	Skatttekjur	Framlög Jöfnunarsjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launat.gj.	Önnur rekstrargjöld	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagnslíðir nettó	Rekstrar niðurstaða
<b>Aðalsjóður</b>											
00	Skatttekjur	-663.163	-270.404	50	-933.517				0		-933.517
02	Félagssjóðnusta			-15.857	-15.857	54.900	82.538	137.438			121.581
03	Heilbrigðismál				0		3.450	3.450			3.450
04	Fræðslu- og uppeldismál			-34.024	-34.024	376.882	105.232	482.114			448.090
05	Menningarmál			-12.886	-12.886	5.970	38.470	44.440			31.554
06	Æskulýðs- og íþróttamál			-49.253	-49.253	49.848	68.159	118.007			68.754
07	Brunamál og almannavarnir			-300	-300	14.510	10.807	25.317			25.017
08	Hreinlætismál			-22.368	-22.368	3.126	24.226	27.352			4.984
09	Skipulagsfulltrúi, skipulagsnefnd			-7.900	-7.900	7.606	23.189	30.795			22.895
10	Umferðar- og samgöngumál			-1.468	-1.468		20.531	20.531			19.063
11	Umhverfismál			-175	-175	5.276	16.977	22.253			22.078
13	Atvinnumál			-2.060	-2.060	1.300	1.203	2.503			443
20	Framlög til B-hluta fyrirtækja				0			0			0
21	Samsejningur kostnaður			-27.818	-27.818	78.171	60.426	138.597			110.779
22	Lífeyriskuldbindingar				0		7.725	7.725			7.725
27	Övenjulegir líðir				0	5.000		5.000			5.000
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0		1.133	1.133		-6.490	-5.357
	<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>-663.163</b>	<b>-270.404</b>	<b>-174.059</b>	<b>-1.107.626</b>	<b>602.589</b>	<b>464.066</b>	<b>0</b>	<b>1.066.655</b>	<b>-6.490</b>	<b>-47.461</b>
<b>Aðrir sjóðir A-hluta</b>											
31	Eignasjóður rekstur			-89.397	-89.397	10.768	44.907	29.688	85.363	21.893	17.859
	Millifærslur A-hluta			104.895	104.895		-104.895	-104.895			0
	<b>A-hluti samtals</b>	<b>-663.163</b>	<b>-270.404</b>	<b>-158.561</b>	<b>-1.092.128</b>	<b>613.357</b>	<b>404.078</b>	<b>29.688</b>	<b>1.047.123</b>	<b>15.403</b>	<b>-29.602</b>
<b>Sjóðir B-hluta</b>											
41	Hafnarsjóður rekstur			-98.680	-98.680	25.762	35.764	8.176	69.702	2.718	-26.260
43	Vatnsveita			-37.522	-37.522	4.908	9.096	4.629	18.633	4.369	-14.520
57	Félagsleigar íbúðir			-21.387	-21.387	2.134	15.848	5.100	23.082	15.000	16.695
61	Fráveita			-19.725	-19.725	4.908	3.123	110	8.141	2.404	-9.180
71	Hjúkrunarheimili			-21.939	-21.939		2.785	9.093	11.878	17.792	7.731
93	Félagshemilið			-2.884	-2.884		16.143	7.759	23.902	17.409	38.427
	Millifærslur B-hluta			2.022	2.022		-2.022	-2.022			0
	<b>A- og B-hluti samtals</b>	<b>-663.163</b>	<b>-270.404</b>	<b>-358.676</b>	<b>-1.292.243</b>	<b>651.069</b>	<b>484.815</b>	<b>64.555</b>	<b>1.200.439</b>	<b>75.095</b>	<b>-16.709</b>

### Breytingar frá fyrri umræðu

Bæjarráð ákvað nokkrar breytingar á milli fyrri og síðari umræðu sem koma fram í niðurstöðu fjárhagsáætlunar.

Helstu breytingar eru vegna hækkunar á frístundakortum og lækkunar á gjaldskrá í mótuneyti. Ákveðin var heimild til viðhalds á gólfi í félagshemili. Ákveðið var jafnframt heimild til að leita eftir ráðgjöf við skólaskrifstofu.

Heildaráhrif þessara breytinga eru 14,8 m.kr.

Breytingar í fjárhagsáætlun milli umræðna:

Heiti	Fjárhæð	Skýring
Frístundakort	1.460.000	Hækkun á frístundakortum í 40.000 kr
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.000.000	Hækkun vegna rekstrarráðgjafar
Matarsala Leikskóla	1.059.183	Lækkun vegna lækkunar gjaldskrár
Hádegishressing Grunnskóla	3.193.000	Lækkun vegna lækkunar gjaldskrár
UMFB	-2.195.001	Ofætlað í fyrri umræðu - leiðrétting
Golfklúbburinn	-30.000	Ofætlað í fyrri umræðu - leiðrétting
Hestamannafélagið Gnýr	-13.500	Ofætlað í fyrri umræðu - leiðrétting
Trésmiðjur (FHB)	3.000.000	Viðgerð á gólfi og við aðalinngang FHB
Barnavernd	1.616.204	Breytingar á þjónustumagni
Önnur sérfræðiþjónusta	2.350.000	Skólaskrifstofa (Trappa) - leikskóli
Önnur sérfræðiþjónusta	2.350.000	Skólaskrifstofa (Trappa) - grunnskóli
	<u>14.789.886</u>	
Afkoma fyrri umræða	31.497.616	
Breytingar milli umræða	<u>-14.789.886</u>	
Afkoma seinni umræða	<u>16.707.730</u>	
Veltufé frá rekstri fyrri umræða	146.227.505	
Breytingar milli umræða	<u>-14.789.886</u>	
Veltufé frá rekstri seinni umræða	<u>131.437.619</u>	
Handbært fé í árslok fyrri umræða	41.262.557	
Breytingar milli umræða	<u>-14.789.886</u>	
Handbært fé í árslok seinni umræða	<u>26.472.671</u>	

## Fjárfestingar 2019

Í fjárfestingaáætlun ársins 2019 er gert ráð fyrir fjárfestingum uppá 160 m.kr. sem skiptist sem hér segir.

### Fjárfestingar 2019

		Áætlaður kostnaður
Stálþil - Brimbrjótur	Hafnarsjóður	36.250
Önnur verkefni	Hafnarsjóður	5.000
Hjólástólalyfta	Íþróttamiðstöð	3.000
Endurbætur í þreksal	Íþróttamiðstöð	1.500
Hellulögn við þjónustuhús	Íþróttamiðstöð	600
Inngangur 1. hæð - endurbætur	Grunnskóli	5.800
Nýbygging	Leikskóli	75.000
Gangstéttir	Eignasjóður	12.000
Aðalstræti 20 kjallari	Eignasjóður	7.850
Seglakerfi á ljósastaura v/auglýsinga	Eignasjóður	1.500
Betri Bolungarvík - klára verkefni 2018	Eignasjóður	1.000
Betri Bolungarvík - ný verkefni 2019	Eignasjóður	4.000
Ósundurliðað		6.500
		<b>160.000</b>

#### Framkvæmdir hjá Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Brimbrjót sem felst í nýju stálþili og nýrri þekju. Verkefnið er á samgönguáætlun og fjármagnar Hafnarbótasjóður 75% af kostnaði. Heildarkostnaður er áætlaður 180m.kr og er hlutur Bolungarvíkurhafnar 36m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á hafnarsvæði uppá 5 m.kr.

#### Leikskóli

Áætlað er að framkvæmdir við stækkun leikskóla við Hlíðarstræti haldi áfram á árinu. Samkvæmt verksamningi er gert ráð fyrir að vinna fyrir 75m.kr.

#### Betri Bolungarvík

Um er að ræða áframhald á verkefni sem íbúar geta komið með tillögur að og kosið verði um í rafrænni kosningu. Sett verður upp hugmynda og kosningavefur á heimasíðu bæjarins og geta íbúar kosið um þau verkefni sem þeir vilja að fái framgang.

#### Íþróttamiðstöðin Árbær

Margvíslegar minni framkvæmdir verða framkvæmdar á árinu til að bæta ásýnd og þjónustu þess. Aðgengi fatlaðra bætist muna með hjólástólalyftu.

#### Grunnskólinn

Inngangur nemenda verður endurbættur ásamt öðrum minni framkvæmdum. Jafnframt er gert ráð fyrir endurnýjun á tölvubúnaði.

Aðstaða fyrir eldri borgara í kjalla að Aðalstræti 20

Tekið verður í gagnið húsnæði í kjallara sem hingað til hefur staðið autt. Veruleg breyting til batnaðar verður á aðstöðu fyrir félagsstarf aldraða.

### Stærra viðhald og búnaður 2019

Ýmis minni verkefni sem lúta að viðhaldi eigna bæjarins verða framkvæmdar á næsta ári eins og fram kemur hér fyrir neðan.

## Stærra viðhald og búnaður 2019

		Ákvörðun
Málun og ýmis verkefni	Íþróttamiðstöð	4.060
Háþrýstidæla	Íþróttamiðstöð	1.650
Leikfimiáhöld	Íþróttamiðstöð	1.000
Málun skólastofu	Grunnskóli	450
Málun og tröppur utanvið mótuneyti	Grunnskóli	800
Grunnskóli endurnýjun tölvubúnaðar	Grunnskóli	5.000
Endurnýjun útihurða	Tónlistarskóli	780
Múrviðgerðir utanhúss	Tónlistarskóli	960
Viðgerð á gafli salthúss	Ósvör	1.800
Persónuverndarmál	Eignasjóður	1.500
		<b>18.000</b>

### Sjóðstreymi, lántaka, skuldir og skuldaviðmið

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 131 m.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að fjárhæð kr. 150m.kr en á sama tíma verði greidd niður lán að fjárhæð 101 m.kr.

Heildar skuldir og skuldbindingar verði í 1.776 m.kr í árslok 2018.

Gert er ráð fyrir að hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum 137% í lok árs 2018. Að frádregnu framtíðarinnflæði leigutekna hjúkrunarheimilis og veltufjármuna er skuldahlutfall sveitarfélagsins 100,7%. Skv. 2. Mgr. 64. Gr. sveitarstjórarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

### Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun. Þá er bæjarráði og bæjarstjórn þakkað fyrir gott samstarf við áætlunargerðina.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2019 er hér lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík 11. desember 2018,**  
**Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri**